

Afstaða kjörbréfanefndar vegna 43. þings ASÍ

45 aðildarfélög og 6 deildir hafa sent inn kjörbréf vegna 291 fulltrúa. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd ákvað að viðhafa eftirfarandi verklag: Á vef þingsins hefur verið birtur listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, með aðal- og varamönnum, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi – þingskjal 2.

Frá því kjörbréfanefnd kom saman hafa nokkrar breytingar verið gerðar, þar sem varamenn hafa komið inn fyrir aðalmenn vegna forfalla og hafa þá varamenn verið skráðir á þingfulltrúalistann í stað þeirra. Uppfærður listi með áorðnum breytingum sem kynntar höfðu verið fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 23. október er einnig birtu á vef þingsins og auðkenndur sérstaklega – þingskjal 22.

Þess ber að geta að síðdegis 23. október barst kjörbréfanefnd erindi þar sem gerð var athugasemd við kjörbréf Daníels Arnar Arnarsonar, Eflingu stéttarfélagi, á þeim forsendum að hann væri ekki félagsmaður í Eflingu. Af því tilefni kom kjörbréfanefnd saman kl. 19:00 sama dag þar sem ákveðið var að senda formanni Eflingar erindi með ósk um afstöðu Eflingar stéttarfélags til þess hvort Daníel Örn Arnarson, sé fullgildur félagsmaður í Eflingu stéttarfélagi í samræmi við lög félagsins og legði fram nauðsynlegar upplýsingar því til starfestingar.

Kjörbréfanefnd ASÍ barst svar frá formanni Eflingar stéttarfélags nú í morgun þar sem erindi nefndarinnar er svarað. Þar segir kjörinn m.a.: Félagsréttindi Daníels, sem stjórnarmanns í Eflingu kjörin til tveggja ára frá því fyrr á þessu ári, njóta ótvíræðrar verndar skv. 5. gr. laga Eflingar þar sem kveðið er á um að félagsmenn haldi félagsréttindum meðan þeir gegna trúnaðarstörfum í verkalyðshreyfingunni.“

Í ljósi framanritaðs leggur kjörbréfanefnd til að öll kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði samþykkt.